

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, nr. 703/2010, fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr.:

- a) Gjaldnúmer 931 og 932, í kafla um bitlækningar og bittæki, sameinast í eitt númer, 932 og verður heiti verks *Þvingunarbits- eða krossbitsplata*. Verð verður 28.080 kr.
- b) Kafli með fyrirsögninni „Tannréttingar“ breytist þannig:
Gjaldnúmer 001 t.o.m. 250, 813 og 814 falla brott. Í þeirra stað koma ný númer á viðeigandi stöðum í kaflanum:

	kr.
801 Viðtal	1.780
802 Fræðsla	1.780
803 Fyrsta skoðun	2.660
804 Áfangaeftirlit	1.780
806 Umsókn	1.430
807 Greinargerð að ósk SÍ	2.850
813 Röntgen- eða vaxtargreining	6.300
814 Aðrar röntgenmyndir (TMJ, occlusal, handarröntgen)	2.030
816 Röntgensmámynd	1.020
817 Prófilröntgen/PA	2.030
818 Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.)	2.040
819 Heildarröntgenmyndataka, a.m.k. 10 smámyndir	7.590
824 Ljósmynd	290
860 Vinnumódel	1.780
888 Rýmishaldari	3.560

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 5. gr. þar sem fjallað er um tannréttingar og orðast málsgreinin svo:

Tannréttingar: #801-888.

3. gr.

Eftirtalin breyting verður á 6. gr:

- a) Kafli um tannréttingar orðist svo:

Tannréttingar:

Almennt: Verkstæðiskostnaður er innifalinn í verði gjaldnúmera 801-888.

- b) Kafli um bitlækningar og bittæki breytist þannig:

Í stað gjaldskrárskýringa á liðum 931 Þvingunarbitsplata og 932 Krossbitsplata kemur ný málsgrein sem orðist svo:

932 Þvingunarbits- eða krossbitsplata. Meðferðinni er ætlað að leiðrétta einfalda bitskekkju og koma í veg fyrir þörf fyrir tannréttingar síðar. Meðferðin er því ekki upphaf tannréttinga. Endurgreiðist aðeins á tannskiptaaldri og mest einu sinni fyrir hvern einstakling. Innifalin er aðlögun meðan á meðferð stendur.

4. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá, sem sett er með stöð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkra-
tryggingar og reglugerð nr. 698/2010 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, sbr.
síðari breytingar, öðlast gildi 1. janúar 2012 og gildir til og með 31. desember 2012.

Sjúkratryggingum Íslands, 20. desember 2011.

Steingrímur Ari Arason.

Kristján Guðjónsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2011